# Strætó bs.

## Árshlutareikningur 30. júní 2021

Strætó bs.
Hestháls 14
110 Reykjavík
Kt. 500501-3160

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra | 2 |
| Rekstrarreikningur | 3 |
| Efnahagsreikningur | 4 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 6 |
| Skýringar | 7 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Strætó bs. er byggðasamlag og er tilgangur þess að veita almenna þjónustu á sviði almenningssamgangna. Undir þetta hlutverk fellur rekstur almenningsvagna og ferðaþjónusta fatlaðs fólks og aldraðra.

Óendurskoðaður árshlutareikningur Strætó fyrir tímabilið janúar til júní 2021 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga. Í árshlutareikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum.

Tap af rekstri á tímabilinu nam 245 m.kr., samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir 3.157 m.kr. í lok tímabils. Eigið fé nam 1.038 m.kr. og er eiginfjárhlutfall 33%. Handbært fé nam 338 m.kr.

Í upphafi ársins sem og í lok tímbils voru eigendur byggðasamlagsins sex, en þeir eru:

| | |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 60,30% |
| Kópavogsbær | 14,60% |
| Hafnarfjarðarbær | 12,50% |
| Garðabær | 6,24% |
| Mosfellsbær | 4,07% |
| Seltjarnarnesbær | 2,29% |

Heimsfaraldur kórónaveiru hefur haft umtalsverð áhrif á starfsemi félagsins. Fargjaldasala drógst verulega saman 2020 en fyrstu 6 mánuði ársins 2021 sýna að tekjur hafa rétt úr sér. Sjóðsstaða Strætó er góð, en innleiðing á nýju greiðslukerfi hefur dregist, einnig er vagnafloti orðinn gamall og brýnt að farið verði sem fyrst í endurnýjun. Félagið hefur fengið heimild frá eigendum sínum um töku skammtímalánsfjármögnunar allt að 300 m.kr. sem ætti að tryggja viðunandi lausafjárstöðu félagsins út árið 2021.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er árshlutareikningur Strætó bs. í samræmi við lög og gefur glögga mynd af eignum og skuldum, fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta hér með árshlutareikning Strætó bs. fyrir tímabilið janúar til júní 2021 með undirritun sinni.

Rekjavík, 13.ágúst 2021.

Stjórn:

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Hafnarfjarðarbæjar

F.h. Kópavogsbæjar

F.h. Mosfellsbæjar

F.h. Garðabæjar

F.h. Seltjarnarnesbæjar

Framkvæmdastjóri

# Rekstrarreikningur 1.janúar til 30. júní 2021

| | Skýr. | Rauntölur 1.1-30.6 2021 | Rauntölur 1.1-30.6 2020 | Áætlun 1.1-30.6 2021 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Fargjöld | 15 | 828.840 | 840.068 | 921.221 |
| Rekstrarframlög eignaraðila | | 2.029.324 | 1.912.963 | 2.029.325 |
| Rikisframlag | 28 | 453.000 | 450.000 | 900.000 |
| Pant akstursþjónusta | 16 | 653.343 | 767.879 | 831.800 |
| Aðrar tekjur | 17 | 145.046 | 96.893 | 131.479 |
| Rekstrartekjur samtals | | 4.109.553 | 4.067.803 | 4.813.825 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Rekstrarsvið | 19 | 3.172.892 | 2.962.221 | 3.315.403 |
| Samrekstur | 20 | 374.046 | 388.964 | 427.822 |
| Pant akstursþjónusta | 16 | 653.343 | 767.879 | 831.800 |
| Rekstrargjöld samtals | | 4.200.281 | 4.119.064 | 4.575.025 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir** | | ( 90.728) | ( 51.261) | 238.800 |
| Afskriftir | 21 | 115.784 | 127.198 | 127.500 |
| **Rekstrarniðurstaða** | | ( 206.511) | ( 178.459) | 111.300 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 176 | 97 | 4.011 |
| Vaxtagjöld, verðbætur og gengismunur | | ( 38.690) | ( 31.902) | ( 35.001) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | | ( 38.515) | ( 31.805) | ( 30.990) |
| **Rekstrarniðurstaða** | | ( 245.026) | ( 210.264) | 80.310 |

# Efnahagsreikningur 30.júní 2021

| | Skýr. | 30.6 2021 | 31.12 2020 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir fastafjármunir: | 6,21 | | |
| Strætisvagnar og önnur ökutæki ........ | | 1.460.064 | 1.557.367 |
| Innréttingar, áhöld og tæki........ | | 68.001 | 57.349 |
| Hugbúnaður........ | | 171.824 | 148.758 |
| | | 1.699.888 | 1.763.474 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | |
| Fyrirframgreiddur kostnaður ........ | 7 | 676.919 | 669.948 |
| | | 676.919 | 669.948 |
| **Fastafjármunir samtals** | | 2.376.807 | 2.433.423 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Birgðir ........ | 9,22 | 103.891 | 100.996 |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Viðskiptakröfur ........ | 23 | 73.456 | 95.074 |
| Kröfur á tengda aðila........ | 29 | 148.774 | 133.972 |
| Næsta árs gjaldfærsla - Brú lífeyrissjóður........ | 7 | 6.971 | 27.883 |
| Aðrar skammtímakröfur ........ | 24 | 109.238 | 48.938 |
| Handbært fé........ | 11 | 337.872 | 376.515 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 780.201 | 783.379 |
| **Eignir samtals** | | 3.157.008 | 3.216.801 |

# Efnahagsreikningur 30. júní 2021

| | Skýr. | 30.6 2021 | 31.12 2020 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé og skuldir** | | | |
| **Eigið fé** | | | |
| Framlag eigenda | | 900.018 | 900.018 |
| Óráðstafað eigið fé | | 137.639 | 382.665 |
| **Eigið fé samtals** | 26 | 1.037.657 | 1.282.683 |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Langtímaskuldir | | 1.042.387 | 1.036.435 |
| Næsta árs afborganir | | ( 39.726) | ( 38.515) |
| **Langtímaskuldir samtals** | 12,27 | 1.002.661 | 997.920 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 502.519 | 491.716 |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | | 75.000 | 0 |
| Næsta árs afborganir langtímalána | 12,27 | 39.726 | 38.515 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 25 | 499.445 | 405.967 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | 1.116.690 | 936.198 |
| **Skuldir og skuldbindingar samtals** | | 2.119.351 | 1.934.118 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 3.157.008 | 3.216.801 |

# Sjóðstreymisyfirlit 1. janúar til 30. júní 2021

| | Skýr. | 1.1-30.6 2021 | 1.1-30.6 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Rekstrarniðurstaða | | ( 245.026) | ( 210.264) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 21 | 115.784 | 127.198 |
| Verðbætur og gengismunur | 4 | 25.373 | 15.748 |
| Veltufé (til) frá rekstri | | ( 103.869) | ( 67.383) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Birgðir, (hækkun) lækkun | | ( 2.895) | 180 |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | | ( 32.571) | 222.207 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 179.280 | 10.299 |
| Fyrirframgreitt framlag til Brúar lsj, breyting | | ( 6.971) | 13.941 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 136.844 | 246.628 |
| Handbært fé frá rekstri | | 32.975 | 179.245 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 21 | ( 52.197) | ( 77.675) |
| Söluverð seldra rekstrarfjármuna | | 0 | 150 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 52.197) | ( 77.525) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Afborganir langtímalána | 27 | ( 19.421) | ( 7.661) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 19.421) | ( 7.661) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | ( 38.644) | 94.059 |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 376.515 | 377.133 |
| **Handbært fé í lok árs** | | 337.872 | 471.192 |

# Skýringar með árshlutareikningi

## 1. Upplýsingar um byggðasamlagið

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu; Reykjavík (60,30%), Kópavogur (14,60%), Hafnarfjörður (12,50%), Garðabær (6,24%), Mosfellsbær (4,07%) og Seltjarnarnes (2,29%). Strætó er með höfuðstöðvar að Hesthálsi 14, í Reykjavík. Árshlutareikningur Strætó er hluti af samstæðureikningi Reykjavíkurborgar.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og fyrra tímabil.

## Reikningsskilaaðferðir

## 3. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu og vöru eru almennt færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast. Rekstrarframlög eru tekjufærð þegar kröfuréttur hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er fært í rekstrarreikning á meðal rekstrartekjna eða -gjalda, eftir því sem við á.

Rekstrarframlag eignaraðila er innheimt eftir samþykktri fjárhagsáætlun hvers rekstrarárs.

## 4. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla, eru færðar í árshlutareikninginn miðað við verðlag eða gengi í lok tímbils. Verðbætur og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 5. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í árshlutareikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eigna þar til niðurlagsverði er náð. Almennt er miðað við að niðurlagsverð svari til eins árs afskriftar, þó að hámarki 10% af stofnverði. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Strætisvagnar og önnur ökutæki ........................................ | 10-13 ár |
| Innréttingar, áhöld og tæki ........................................ | 3-10 ár |
| Hugbúnaður ........................................ | 3 ár |

## 7. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður vegna uppgjörs við Brú lífeyrissjóð, samanber lög nr. 127/2016, skiptist í framlag í lífeyrisaukasjóð, sem gjaldfærist á 30 árum og framlag í varúðarsjóð, sem gjaldfærist á 20 árum frá 1.júní 2017 að telja.

# Skýringar með árshlutareikningi

## 8. Niðurfærsla krafna

Útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og eru niðurfærðar með óbeinni afskrift í árshlutareikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna, er færð í rekstrarreikning.

## 9. Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagvirði, sé það lægra.

## 10. Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar og áfallinna vaxta, ef um vaxtaberandi kröfur er að ræða. Kröfurnar eru niðurfærðar til þess að mæta vanhöldum við innheimtu þeirra.

## 11. Handbært fé

Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

## 12. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í lok tímabils eins og lánakjör segja til um. Næsta árs afborganir eru færðar meðal skammtímaskulda.

## 13. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun er hluti árshlutareikningi og er birt í rekstrarreikningi.

## 14. Tekjuskattur

Byggðasamlagið er undanþegið tekjuskattsskyldu.

## 15. Fargjöld

| | 1.1-30.6 2021 | 1.1-30.6 2020 |
|---|---|---|
| Fargjöld greidd af farþegum ........ | 614.756 | 656.166 |
| Niðurgreiðsla farmiða aldraðra og öryrkja ........ | 64.084 | 51.902 |
| Niðurgreiðsla nemakorta ........ | 150.000 | 132.000 |
| | 828.840 | 840.068 |

Sveitarfélögin niðurgreiða ferðir aldraðra, öryrkju og nema.

## 16. Pant akstursþjónusta

| **Tekjur** | 1.1-30.6 2021 | 1.1-30.6 2020 |
|---|---|---|
| Framlag sveitarfélaga ........ | 608.039 | 732.016 |
| Fargjöld notenda ........ | 45.304 | 35.863 |
| | 653.343 | 767.879 |
| **Gjöld** | | |
| Aðkeyptur akstur ........ | 652.228 | 764.645 |
| Laun og launatengd gjöld - aðstoðarfólk í skólaakstri ........ | 1.115 | 3.234 |
| | 653.343 | 767.879 |

Verktakar annast allan akstur Pant akstursþjónustu. Allur bein kostnaður við akstur umfram fargjöld notenda er greiddur af sveitarfélögum.

# Skýringar með árshlutareikningi

## 17. Aðrar tekjur

| | 1.1-30.6 2021 | 1.1-30.6 2020 |
|---|---|---|
| Þóknun - Pant akstursþjónusta | 84.770 | 44.176 |
| Þóknun - landsbyggðin | 50.278 | 48.012 |
| Aðrar tekjur | 9.997 | 4.704 |
| | 145.046 | 96.893 |

## 18. Laun og launatengd gjöld

| | 1.1-30.6 2021 | 1.1-30.6 2020 |
|---|---|---|
| Laun | 1.103.461 | 1.091.386 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 142.252 | 140.416 |
| Tryggingagjald | 75.680 | 78.222 |
| Önnur launatengd gjöld | 23.799 | 23.694 |
| Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs | 13.941 | 13.941 |
| | 1.359.134 | 1.347.659 |

## 19. Rekstrarsvið

| | 1.1-30.6 2021 | 1.1-30.6 2020 |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 1.102.596 | 1.103.181 |
| Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs | 11.427 | 5.601 |
| Aðkeyptur akstur | 1.597.897 | 1.379.725 |
| Annar rekstrarkostnaður | 395.082 | 402.702 |
| Húsnæðiskostnaður | 65.890 | 71.012 |
| | 3.172.892 | 2.962.221 |

Undir rekstrarsvið heyrir allur rekstur almenningsvagna á höfuðborgarsvæðinu, þar með talið, flotastýring, verkstæði og þvottastöð.

## 20. Samrekstur

| | 1.1-30.6 2021 | 1.1-30.6 2020 |
|---|---|---|
| Laun og launatengd gjöld | 241.481 | 234.274 |
| Gjaldfært framlag til Brúar lífeyrissjóðs | 2.514 | 1.369 |
| Annar rekstrarkostnaður | 130.051 | 153.321 |
| | 374.046 | 388.964 |

Undir samrekstur heyrir skrifstofu- og stjórnunarkostnaður, þar með talið þjónustuver sem þjónar bæði akstursþjónustu fatlaðs fólks og farþegum strætó.

## 21. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Strætisvagnar og önnur ökutæki | Innréttingar, áhöld og tæki | Hugbúnaður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2021 | 3.612.845 | 338.198 | 235.102 | 4.186.145 |
| Afskrifað áður | ( 2.055.478) | ( 280.849) | ( 86.343) | ( 2.422.670) |
| Bókfært verð 1.1 2021 | 1.557.367 | 57.349 | 148.758 | 1.763.474 |
| Viðbót | 0 | 21.854 | 30.344 | 52.197 |
| Afskrift | ( 97.304) | ( 11.202) | ( 7.278) | ( 115.784) |
| Bókfært verð 30.06.2021 | 1.460.064 | 68.001 | 171.824 | 1.699.888 |
| Afskriftahlutföll | 8-13% | 10-33% | 33% | |

# Skýringar með árshlutareikningi

## 22. Birgðir

| | 30.06.21 | 31.12.20 |
|---|---|---|
| Olía | 10.173 | 6.635 |
| Varahlutir | 103.718 | 104.361 |
| Niðurfærsla birgða | ( 10.000) | ( 10.000) |
| | 103.891 | 100.996 |

## 23. Viðskiptakröfur

| | 30.06.21 | 31.12.20 |
|---|---|---|
| Viðskiptamenn | 75.257 | 64.912 |
| Viðskiptamenn - Pant akstursþjónusta | 19.897 | 16.793 |
| Greiðslukortafyrirtæki og aðrar skammtímakröfur | 2.702 | 37.769 |
| Varúðarfærsla viðskiptakrafna | ( 24.400) | ( 24.400) |
| | 73.456 | 95.074 |

## 24. Aðrar skammtímakröfur

| | 30.06.21 | 31.12.20 |
|---|---|---|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 98.675 | 34.774 |
| Endurgreiðsla virðisaukaskatts | 10.563 | 14.164 |
| | 109.238 | 48.938 |

## 25. Aðrar skammtímaskuldir

| | 30.06.21 | 31.12.20 |
|---|---|---|
| Áunnið ógreitt orlof | 177.034 | 179.826 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 166.269 | 146.138 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 156.142 | 80.003 |
| | 499.445 | 405.967 |

## 26. Eigið fé

| Yfirlit um eiginfjárreikninga: | Eiginfjárframlag rekstraraðila | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2021 | 900.018 | 382.665 | 1.282.683 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | ( 245.026) | ( 245.026) |
| Staða 30.06 2021 | 900.018 | 137.639 | 1.037.657 |

| | Eignarhlutur | | | |
|---|---|---|---|---|
| Garðabær | 6,24% | 56.161 | 8.589 | 64.750 |
| Hafnarfjarðarbær | 12,50% | 112.502 | 17.205 | 129.707 |
| Kópavogsbær | 14,60% | 131.403 | 20.095 | 151.498 |
| Mosfellsbær | 4,07% | 36.631 | 5.602 | 42.233 |
| Reykjavíkurborg | 60,30% | 542.711 | 82.996 | 625.707 |
| Seltjarnarnesbær | 2,29% | 20.610 | 3.152 | 23.762 |
| | 100,00% | 900.018 | 137.639 | 1.037.657 |

## 27. Langtímaskuldir

| | Vextir | 30.06.21 |
|---|---|---|
| Lánasjóður sveitarfélaga, verðtryggt | 2,50-2,57% | 1.042.387 |
| | | 1.042.387 |

Afborganir langtímaskulda á næstu árum:

| | |
|---|---|
| 01.07.2021-30.06.2022 | 39.726 |
| 01.07.2022-30.06.2023 | 40.166 |
| 01.07.2022-30.06.2024 | 40.617 |
| 01.07.2022-30.06.2025 | 41.079 |
| Síðar | 880.799 |
| | 1.042.387 |

## 28. Ríkisframlag

Í maí 2012 var áritaður samstarfssamningur milli ríkissjóðs og eigenda Strætó bs. og eru markmið og tilgangur samningsins m.a. eftirfarandi:

- Að amk tvöfalda hlutdeild almenningssamgangna í öllum ferðum sem farnar eru á höfuðborgarsvæðinu
- Að vinna að lækkun á samgöngukostnaði heimila og samfélagsins vegna umferðar og slysa
- Að stuðla að auknu umferðaröryggi
- Að stuðla að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda í samgöngum á höfuðborgarsvæðinu

Til að ná fram markmiðum samningsins mun Strætó bs. fá mánaðarlegt framlag frá ríkissjóði fram til ársins 2022.

## 29. Tengdir aðilar

Eignaraðilar og félög tengd þeim, stjórnarmenn og stjórnendur teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir eru sem tengdir aðilar eiga almenn viðskipti við félagið. Skilyrði og skilmálar viðskiptanna voru sambærileg við það sem gerist í viðskiptum við ótengda aðila og eru þessi viðskipti því flokkuð sem slík.

## 30. Önnur mál

Aðili sem ekki var samið við eftir útboð á akstri á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2010, höfðaði máli á hendur Strætó bs. þar sem krafist var viðurkenningar á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintrar ólögmætrar og saknæmrar háttsemi við framkvæmd útboðsins. Dómur í málinu var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 1. júní 2017, þar sem dómur Héraðsdóms var staðfestur, þ.e. réttur stefnanda til skaðabóta úr hendi stefnda vegna missis hagnaðar og kostnaðar vegna þátttöku í forvali var viðurkenndur. Gjaldfærð hefur verið varúðarfærsla vegna framangreinds máls.

Nokkrir rammasamningshafar í Pant akstursþjónustu hafa kært Strætó bs. til kærunefndar útboðsmála. Í málinu var þess krafist að kærunefndin láti í ljós álit sitt á skaðabótaskyldu Strætó vegna meintra brota gegn skilmálum rammasamnings við framkvæmd akstursþjónustunnar. Kærunefnd útboðsmála úrskurðaði 21. júní 2016 að Strætó hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt rammasamningi við forgangsröðun rammasamningshafa við framkvæmd akstursþjónustunnar og kaup á akstursþjónustu af aðilum utan rammasamnings. Lét kærunefndin í ljós það álit að Strætó bs. væri skaðabótaskylt gagnvart kærendum, en engin afstaða var tekin til umfangs hugsanlegs fjártjóns kærenda.

Í febrúar 2019, barst Strætó bs. stefnur frá tveimur rammasamningshöfum sem telja að á þeim hafi verið brotið við framkvæmd akstursþjónustunnar. Strætó hefur falið lögmanni sínum að taka til varna.